

## 1063. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 04. maí 2011 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný V. Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þ. Sigurðsson, Eyrún Ingadóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Pálmei H. Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon, og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Stefán Einar setti fund kl. 17:30 og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Áður en gengið var til formlegrar fundardagskrár var dregið um sætaskipan og fallist á að halda henni á komandi starfsári

### 1. Samþykkt fundargerða (1061 og 1062)

Þessum dagskrárlið var frestað þar sem gögn vantar frá fyrrum fundarritara.

### 2. Starfsárið framundan.

#### a. Fundaáætlun

Stefán Einar kynnti fundaáætlun næsta starfsárs og lagði fram skjalið „*Fundaáætlun 2011-2012*“. Kom fram að fyrirhugaðir eru 11 fastir fundir (7 árið 2011 og 3 árið 2012). Alla jafna verða þeir haldnir annan miðvikudag í mánuði nema í desember og fundarmenn sammæltust um að þeir hefjist kl. 17:30.

Umræður.

Auk þessa kom fram tillaga að tímasetningum vinnuferða stjórnar og aðalfundar 2012 (11. apríl) og var samþykkt að hafa þær sem viðmið sem stefnt væri að.

#### b. Framhald stefnumótunarvinnu

Stefán Einar fór yfir stöðuna. Við erum í raun í sífelldri stefnumótun þótt ágætt sé að taka þetta með umfangsmeiri hætti við og við. Capacent mun kynna Stefáni Einari stöðu vinnunnar sem fram hefur farið við síðustu stefnumótun.

Undir þessum dagskrárlið kom fram að Stefán Einar telur að formaður VR eigi ekki að sinna framkvæmdastjórastarfinu. Óskaði hann eftir því að fá svigrúm til að kynna sér betur fyrirkomulag vinnu á skrifstofu til að geta m.a. stillt upp verklýsingu fyrir verðandi framkvæmdastjóra.

Umræður.

Samþykkt var að taka endanlega ákvörðun um þetta á næsta stjórnarfundum en að formaður, varaformaður, ritari og launanevnd hittist fljótlega og formi tillögu um málið.

### 3. **Kjaraviðræður**

Stefán Einar kynnti stöðu mála og sagði að hann hefði komið inn í „viðræðunefndina“ og tekið þar við af fyrrverandi formanni. Viðræður voru brokkgengar og deilunni loks vísað til ríkissáttasemjara. Þegar stefndi í verkföll tóku viðræður aftur kipp um nýjan 3 ára samning en nokkuð breyttan frá þeim tillögum sem áður lágu fyrir.

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Minnisblað til stjórnar VR – 4. maí 2011 Kjaraviðræður*“ sem hann las fyrir fundarmenn. Það hann stjórnarmenn að halda trúnað um innhald þess í bili.

Umræður.

### 4. **Verkaskipting stjórnar**

#### a) **Varaformaður**

Ásta býður sig fram sem varaformann.

Ragnar Þór stakk uppá Jóhönnu S. en hún svaraði því þá til að hún hefði ekki áhuga að svo stöddu.

Birgir, Benedikt, Eyrún og Jóhanna tóku fram að þau styddu Ástu til embættisins.

Áður en gengið var til kosninga um Ástu vildi Ragnar Þór láta bóka það að hann teldi það ekki við hæfi að formaður eða varaformaður VR sitji í stjórnnum fyrirtækja samhliða trúnaðarstörfum fyrir VR og styður því ekki Ástu.

Kosið var um Ástu sem varaformann VR, með handauppréttingu, og voru 12 með en 2 á móti. Ásta R. Jónasdóttir er því skipuð varaformaður VR til næsta aðalfundar.

Pálmey tók fram að hún hefði þann fyrirvara á samþykki sínu, sem hún vildi láta bóka, að hún hvetji til þess að; „við gefum ekki aftur færi á okkur – að fólk geti ekki bent á okkur og sagt að ekkert hafi breyst“.

#### b) **Ritari**

Bjarni Þ. stakk uppá Ingibjörgu Ósk en hún tók þá fram að hún gæfi ekki kost á sér.

Ingibjörg stakk uppá Eyrúnu sem tók þá fram að hún gæfi ekki kost á sér.

Birgir Már og Sigurður stungu uppá Jóhönnu S.

Fór því fram kosning um Jóhönnu S. sem ritara VR, með handauppréttingu, og voru 13 með en 1 á móti. Jóhanna S. Rúnarsdóttir er því skipuð ritari VR til næsta aðalfundar.

Stefán Einar óskaði þeim báðum, Ástu og Jóhönnu, til hamingju með embætti sín og lét þau orð falla að hann vonaðist eftir góðu og uppbyggilegu samstarfi við þær.

c) **Orlofsstjórn**

Stefán Einar dreifði nú skjalinu „*Tillaga formanns að verkaskiptingu stjórnar*“. Er þar um fyrstu tillögur að ræða en á næsta stjórnarfundum verði lögð tillaga fyrir stjórn er lúti að annarri verkaskiptingu sem skrifstofan vinni nú að því að kortleggja.

Umræður.

Benóný kom með þá uppástungu að stjórnir orlofs- og sjúkrasjóðs myndu kynna trúnaðarráði störf sín.

Samþykkt var að ný launanevnd myndi skoða þá tillögu um stjórnarlaun sem samþykkt var á nýliðnum aðalfundi VR.

Samþykkt var að bæta við aukasæti í endurskoðunarnefnd sem yrði skipað aðila úr trúnaðarráði.

Samþykkt að orlofsstjórn myndu skipa:

**Aðalmenn**

Benedikt Vilhjálmsson

Eyrún Ingadóttir

Hildur Mósesdóttir

Jóhanna Rúnarsdóttir

Óskar Kristjánsson

**Varamenn**

Guðrún Helga Tómasdóttir

Bjarni Þór Sigurðsson

d) **Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs**

Samþykkt að framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs myndu skipa:

**Aðalmenn**

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Jón Magnússon

Ragnar Þór Ingólfsson

Sigríður Stefánsdóttir

Sigurður Sigfússon

**Varamenn**

Birgir Már Guðmundsson

Benóný Valur Jakobsson

e) **Önnur trúnaðarstörf**

Eftirfarandi var samþykkt um önnur trúnaðarstörf.

**Launanevnd:**

Birgir Már Guðmundsson (formaður)

Pálmey Helga Gísladóttir

Sigurður Sigfússon

**Kjörstjórn VR**

Dalla Ólafsdóttir (ASÍ)  
Guðmundur B. Ólafsson  
Árni Leósson

**Varamaður**

Teitur Lárusson (varamaður)

**Endurskoðunarnefnd**

Sigríður Stefánsdóttir  
Pálmey Helga Gísladóttir  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Hildur Mósesdóttir  
+ opið sæti fyrir aðila úr trúnaðarráði

**Uppstillingarnefnd**

Valva Árnadóttir (trúnaðarráð)  
Hreinn Sigmarsson (trúnaðarráð)  
Kalla B. Karlsdóttir (starfsmaður VR)  
Helga Árnadóttir (starfsmaður VR)  
Stefán Einar Stefánsson formaður  
**Varamenn**  
Guðrún Helga Tómasdóttir  
Kristjana Þ. Jónsdóttir

5. **Vinnuferð helgina 7.- 8. maí**

Stefán Einar kynnti hugmynd að dagskrá þessarar vinnuferðar og lagði fram skjalið „Dagskrá vinnuferðar 7.-8. maí 2011“ og fór yfir efni þess.

Umræður.

6. **Fyrirtæki ársins (13. maí)**

Stefán Einar kynnti málið og lagði fram skjalið „Fyrirtæki ársins 2011“ og fór um það nokkrum orðum en það fjallaði um fyrirkomulag þessarar stærstu vinnumarkaðskönnunar sem gerð er á Íslandi og dagskrána þann 13. maí á Hótel Nordica.

Umræður.

Stefán Einar þakkaði að lokum fyrir fundinn og kom fram að hann hlakki til starfsins sem framundan sé.

Fleira ekki gert,  
Fundu slitið kl. 21:10

Árni Leósson, fundarritari

